



Keflavík íþróttafélag

551. stjórnarfundur 5. nóvember 2020 kl. 18:00

Mættir:

Einar Haraldsson, Kári Gunnlaugsson, Birgir Már Bragason, Garðar Már Newman, Eva Björk Sveinsdóttir, Jónína Steinunn Helgadóttir, Björg Hafsteinsdóttir og Sveinbjörg Sigurðardóttir.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

2. Innkomin bréf

Fréttabréf frá UMFÍ vegna Covid- 19

Fréttabréf frá UMFÍ sem inniheldur: Pannavelli, upplýsingar varðandi svikahrappa, börn falli ekki úr íþróttum og gerum Ísland að betri stað.

Tölvupóstur frá skjalaverði Reykjanesbæjar vegna bókunar íþróttafélags og tómstundaráðs á erindi aðalstjórnar um rafrænar hvatagreiðslur.

3. Send bréf

Tölvupóstur sendur á stjórnir og ráð vegna niðurfellinga á íþróttastarfi til 17. nóvember.

Tölvupóstur sendur á UMFÍ með upplýsingum um nýja stjórn rafíþróttadeildar til að fá upplýsingar úr sakaskrá.

4. Covid 19

Íþróttastjóri, Hjördís Baldursdóttir, hefur staðið í stöngu varðandi allar þær breytingar og lokanir á æfingum deilda. Hefur verið virk í að aðstoða knattspyrnudeildina með að koma erlendum leikmönnum til síns heima.

5. Rafíþróttir

Stofnfundur rafíþróttadeildar var haldinn 28. október. Kjörin var ný stjórn. Arnar Már Halldórsson var kjörinn formaður. Einar framkvæmdastjóri er að vinna í því að fá kennitölu fyrir deildina og í framhaldi stofna bankareikning.

6. Heimasíða

Heimasíðan er komin langt á veg. Aukakostnaður vegna nýrrar deildar.

7. Sambandsráðsfundur UMFÍ

Sambandsráðsfundur UMFÍ var haldinn 29. október með fjarfundaformi. Ársreikningur 2019 og rekstraráætlun samþykkt. Tvær ályktanir samþykktar. Auður Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri UMFÍ skýrði frá að búið væri að samþykkja hjá Getspá að greiða til eigenda aukagreiðslu og hlutur UMFÍ væri 40 milljónir og hlutur Keflavíkur 1,7 milljón.

8. Önnur mál

- Umræða um fundargerðir deilda. Framkvæmdastjóra falið að ræða við deildir og minna stjórnir á að senda fundargerðir eftir fundi.
- Samþykkt að greiða fyrir næringarfræðslu á netfundi fyrir iðkendur 12 ára og eldri hjá öllum deildum. Er í umsjón unglingsráðs knattspyrnudeildar.
- Framkvæmdarstjóra veitt heimild, allt að 3 milljónum, til aðstoðar knattspyrnudeild í skamman tíma.

- D. Aðalstjórn óskar knattspyrnudeild, meistarflokkum kvenna og karla, til hamingju með Pepsí max sætin.
- E. Umræða um framtíðarsýn félagsins varðandi húsnæði og svæði. Ákveðið var að framkvæmdastjóri og íþróttastjóri geri drög að skjali fyrir næsta fund.

Næsti fundur verður fimmtudaginn 19. nóvember 2020

Fundi slitið kl. 19:30

Fundinn ritaði Eva Björk